

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands

Miðvikudaginn 12. nóvember 2025, klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður (HP), Jóhannes Ævar Jónsson (JÆJ), Kristján Heiðar Kristjánsson (KHK), Brynja Vignisdóttir (BV), Sigrún Agata (SA), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIP), Pétur Andreas Maack (PM), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. **Fjarverandi:** Vilhelm Bjarnason (VB),

Fyrir fundinum lá fundargerð á samskiptavef stjórnar, dagsett 22. okt 2025. Ábending kom um innsláttarvillur, en efnislega var fundargerðin samþykkt án athugasemda.

Ofurhelgar, farið var yfir hvernig til tókst með fyrstu ofurhelgi vetrarins. Heilt yfir var ánægja með þetta fyrirkomulag, þó eru atriði sem þarf að huga betur að. Betri markaðssetning, ÍHÍ setti í gang kynningu fyrir þessa helgi og heldur því áfram með þær helgar sem fram undan eru. En Fjölirnir var ekki virkur, sem var miður. Rætt var að taka samtalið við félögin sem fyrst um hvernig hægt væri að auglýsa þetta betur. Skoða hvort hægt sé að fá miðla í samstarf á þessum helgum. Gera miðakaup rafræn, og hefja sölu í tíma. Ein hugmynd sem kom fram var að nota gestalýsendur í streymi. Rætt var að frkvstj. myndi ræða í tíma við SA og SR sem eiga sína ofurhelgi eftir. Það reyndist dómaranefnd erfitt að manna dómgæslu á þessari helgi.

Handbók er komin á netið og yfirlestur stendur yfir. Það er mjög til bóta að þetta sé loksins komið í aðgengilegt form og aðgengilegt öllum. Enn eru að finnast smá villur sem þarf að fasa út. Það verður gert á næstu dögum. KHK var búin að taka saman lista með athugasemdum sem frkvstj. mun fara yfir og setja inn leiðréttingar.

Greiðslur til dómara, rædd var sú staða sem kom upp um síðustu mánaðamót, þegar ekki var til fé inni á reikningum sambandsins til þess að greiða þessa reikninga. Aðallega vegna vanskila aðildarféлага. Ákveðið var að framkvæmdastjóri myndi heimsækja starfsbróður sinn hjá Fjölni og ræða við hann vegna málsins áður en aðrar mögulegar og íþyngjandi aðgerðir færu í gang. Í þessu samhengi var staða bókhaldsmála sambandsins til umræðu. En samningur sá sem er í gildi við Reikningshald og skattskil gerir ráð fyrir því að bókhald sé fært í lotum þegar tími gefst hjá fyrirtækinu. Þannig er bókhaldsþjónustan unnin nokkru á eftir, sem skapar ákveðin óþægindi, vegna þess að erfitt er að átta sig á stöðunni í gegnum bókhaldið. Rætt var að frkvstj. kannaði hvað það myndi kosta að breyta þessu þannig að bókhald yrði fært jafnóðum frá degi til dags.

HP og VG greindu frá samningaviðræðum sem þeir hafa átt við dreifingarfyrirtækið Sportway, sem hefur aðalstöðvar sínar í Stokkhólmi. Þar er gert ráð fyrir því að beint streymi ÍHÍ frá viðburðum fari í gegnum dreifiveitu sem Sportway setur upp í nafni ÍHÍ. Á sama tíma yrði útsendingum á youtube hætt. Sportway er fyrirtæki sem sérhæfir sig í svona þjónustu og hafa íshökkísambönd á öllum Norðurlöndunum og mörgum Evrópulöndum samið við fyrirtækið. Einnig er til staðar samningur við IIHF. Með þessum samningi þá verður beinum útsendingum læst og selt inn á þær. Í framhaldinu verður svo hægt að bjóða upp á leiki landsliða okkar erlendis í gegnum sömu veitu. Einnig verður möguleiki á því að bjóða upp á

efni frá öðrum löndum í gegnum þetta kerfi. HP og VG óska eftir heimild stjórnar til þess að rita undir þessa samninga. Heimildin er veitt.

Rætt var nokkuð hvaða verð yrði á þessari þjónustu. Eftir góðar umræður var ákveðið að mánaðargjald yrði 1500 krónur fyrir mánuðinn, stakur leikur myndi kosta það sama eða 1500 krónur. Aðgangspassi sem gildir fyrir tímabilið, eða frá 1. jan 2026 og fram á vorið, verður 3990 krónur.

Undir önnur mál var tekið fyrir erindi frá yfirdómara þar sem óskað er eftir því að settar verði samræmdar reglur um notkun á risaskjám fyrir endursýningar. Ef endursýningar eru settar á skjá áður en dómari hefur klárað að vinna málið og skýra ákvarðanir sínar fyrir ritara leiks kann að líta út fyrir að dómari hafi nýtt skjáinn til þess að taka ákvörðun. Það er óheimilt. Það er ekki gott að setja dómara í þá stöðu. Tillaga yfirdómara er að endursýningar á skjá fari ekki fram fyrr en leikurinn er farinn í gang aftur. VG er falið að ræða við streymara og kanna hvort eitthvað sé tæknilega á móti því að við þessum óskum verði orðið.

Fundi slitið.